

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/1675****2019/EES/6/09****frá 14. júlí 2016****um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 með því að auðkenna áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/849 frá 20. maí 2015 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis eða til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins ESB nr. 648/2012, og um niðurfellingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/70/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Sambandið verður að tryggja að til staðar sé skilvirkt verndarfyrirkomulag fyrir allan innri markaðinn í því skyni að auka réttarvissu rekstraraðila og hagsmunaaðila almennt í samskiptum þeirra við lögsögu þriðju landa. Heilindum fjármálamarkaða og eðlilegri starfsemi innri markaðarins í heild stafar veruleg ógn af lögsögum með annmarka í stefnu hvað varðar landsbundinna ramma þeirra um baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af þessum lögsögum með ófullnægjandi laga- og stofnanaramma og veik viðmið til að stýra flæði fjármagns.
- 2) Allir tilkynningarskyldir aðilar í Sambandinu samkvæmt tilskipun (ESB) 2015/849 ættu að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun í samskiptum sínum við einstaklinga eða lögaðila með staðfestu í áhættusömum þriðju löndum, og tryggja með því að sambærilegar kröfur séu gerðar til markaðsaðila innan Sambandsins.
- 3) Ákvæði 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849 mælir fyrir um þau viðmið sem mat framkvæmdastjórnarinnar á að byggjast á og heimilar henni að auðkenna áhættusöm þriðju lönd með hliðsjón af þeim viðmiðum.
- 4) Auðkenningu áhættusamra þriðju landa verður að byggja á skýru og hlutlægu mati þar sem áhersla er lögð á að viðkomandi lögsaga fari eftir þeim viðmiðum sem mælt er fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849 að því er varðar lagalegan og stofnanalegan ramma í tengslum við baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka (AML/CFT), valdheimildir og málsmeðferðarreglur lögbærra yfirvalda í baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og skilvirkni kerfa til að takast á við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka viðkomandi þriðja lands.
- 5) Allar niðurstöður, sem liggja til grundvallar ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar um að tilgreina lögsögu á lista yfir áhættusöm þriðju lönd, ættu að vera skjalfestar með traustum, sannreynanlegum og uppfærðum upplýsingum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 254, 20.9.2016, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 249/2018 frá 5. desember 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 141, 5.6.2009, bls. 73.

- 6) Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin viðurkenni að fullu það mikilvæga starf sem þegar hefur verið innt af hendi á alþjóðavettvangi við að auðkenna áhættusöm þriðju lönd, einkum starf fjármálaaðgerðahópsins (e. *Financial Action Task Force* (FATF)). Til að tryggja heilindi alþjóðlega fjármálakerfisins er afar mikilvægt að listinn yfir þriðju lönd sem mælt er fyrir um á vettvangi Sambandsins samræmist, eftir því sem við á, alþjóðlega viðurkenndum listum. Með því að hvetja til samræmdrar alþjóðlegrar aðferðarfræði stuðlar Sambandið að því að auka fjármálaleg heilindi í heiminum og vernda þar með alþjóðlega fjármálakerfið betur gegn áhættusömum löndum. Tilgangur slíkrar samræmdrar aðferðarfræði er að tryggja sambærilegar aðstæður fyrir tilkynningarskylda aðila og komast hjá skaðvænlegum áhrifum á hið alþjóðlega fjármálakerfi.
- 7) Í samræmi við þau viðmið sem sett eru fram í tilskipun (ESB) 2015/849 tók framkvæmdastjórnin tillit til allra tiltækra sérfræðiálita á þáttum sem stuðla að því að gera land eða lögsögu sérstaklega berskjaldaða gagnvart peningþvætti, fjármögnun hryðjuverka eða annarri ólöglegri fjármálastarfsemi. Framkvæmdastjórnin tók einkum tillit til, eftir því sem við á, nýjustu opinberra yfirlýsinga fjármálaaðgerðahópsins, skjala fjármálaaðgerðahópsins (um að efla baráttuna gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka á alþjóðavísu, viðvarandi ferli (e. *Improving Global AML/CFT Compliance: on-going process*)), skýrslna fjármálaaðgerðahópsins um rýni alþjóðlegrar samvinnu og gagnkvæmrar matsskýrslu í samantekt svæðisbundinna aðila fjármálaaðgerðahópsins og sambærilegra hópa hvað varðar áhættu sem stafar af einstökum þriðju löndum í samræmi við 4. mgr. 9. gr. tilskipunar (ESB) 2015/849.
- 8) Að teknu tilliti til víðtækrar samþættingar alþjóðlega fjármálakerfisins, náninna tengsla markaðsaðila, mikils umfangs viðskipta yfir landamæri til og frá ESB, sem og aðgengi að innri markaðnum er það metið sem svo að öll ógn sem hinu alþjóðlega fjármálakerfi stafar af peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé einnig ógn við fjármálakerfi ESB.
- 9) Í samræmi við nýjustu viðeigandi upplýsingar er það niðurstaða greiningar framkvæmdastjórnarinnar að Afganistan, Bosnía og Hersegóvína, Gvæjana, Írak, Laoska alþýðulýðveldið, Sírland, Úganda, Vanúatú og Jemen eigi að teljast lögsögur þriðju landa með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttunni gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af. Þessi lönd hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum sem ætti að gera þeim kleift að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849.
- 10) Í samræmi við nýjustu viðeigandi upplýsingar er það jafnframt niðurstaða greiningar framkvæmdastjórnarinnar að Líta eigi á Íran sem lögsögu þriðja lands með annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þess í baráttunni gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af. Þetta land, sem auðkennt er í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins, hefur sett fram pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að taka á hinum tilgreindu annmörkum og hefur ákveðið að fara fram á tækniástoð við að hrinda aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins í framkvæmd, sem ætti að gera þeim kleift að uppfylla þær kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun (ESB) 2015/849.
- 11) Í samræmi við nýjustu viðeigandi upplýsingar er það jafnframt niðurstaða greiningar framkvæmdastjórnarinnar að Líta eigi á Alþýðulýðveldið Kóreu (DPRK) sem lögsögu þriðja lands með verulega annmarka í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þess í baráttunni gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af. Í þessu landi sem auðkennt er í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins er viðvarandi og veruleg hætta á peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka þar sem því hefur ítrekað mistekist að ráða bót á hinum greindu annmörkum.
- 12) Nauðsynlegt er að framkvæmdastjórnin bjóði lögsögum áhættusamra þriðju landa að hafa fullt samstarf við framkvæmdastjórnina og alþjóðlega aðila með það fyrir augum að sammælast um og framkvæma með fullnægjandi hætti ráðstafanir til að ráða bót á annmörkum í stefnu hvað varðar fyrirkomulag þeirra í baráttunni gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- 13) Mikilvægt er að framkvæmdastjórnin fylgist stöðugt með þróun í mati á laga- og stofnanarömmum sem eru við lýði í þriðju löndum, valdheimildum og málsmeðferðarreglum lögbærra yfirvalda og skilvirkni þess fyrirkomulags sem þau beita í baráttunni gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, með það í huga að uppfæra lista yfir áhættusöm þriðju lönd með annmarka í stefnu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum er mælt fyrir um lista yfir lögsögur þriðju landa með verulega annmarka í stefnu sinni hvað varðar baráttu gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem fjármálakerfi Sambandsins stafar veruleg ógn af („áhættusöm þriðju lönd“).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 14. júlí 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Áhættusöm þriðju lönd

- I. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa útbúið aðgerðaáætlun með fjármálaaðgerðahópnum.

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Afganistan
2	Bosnía og Hersegóvína
3	Gvæjana
4	Írak
5	Laoska alþýðulýðveldið
6	Sýrland
7	Úganda
8	Vanúatú
9	Jemen

- II. Áhættusöm þriðju lönd sem hafa sett fram skriflega, pólitíska skuldbindingu háttsettra aðila til að ráða bót á greindum annmörkum og hafa ákveðið að fara fram á tækniaðstoð við að innleiða aðgerðaáætlun fjármálaaðgerðahópsins, og sem eru auðkennd í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins.

Nr.	Þriðja land með mikla áhættu
1	Íran

- III. Áhættusöm þriðju lönd þar sem er viðvarandi og veruleg hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og sem hefur ítrekað mistekist að ráða bót á greindum annmörkum, og sem auðkennd eru í opinberri yfirlýsingu fjármálaaðgerðahópsins.

Nr.	Áhættusamt þriðja land
1	Alþýðulýðveldið Kórea